

9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Laxá á Ásum nr. 7 9. febrúar 1937.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eyrarsveit.

Lögreglusamþykkt fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, nr. 555 3. september 1982, skal gilda í Eyrarsveit með eftirfarandi breytingu:

Í stað 59. gr. komi eftirfarandi grein:

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 til 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 03.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

Lögreglusamþykkt þessi sem hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Allar bifreiðastöður eru bannaðar á Strandgötu frá Ráðhústorgi að gatnamótum við Hofsbót. Bann þetta gildir við báðar götubrúnir svo og svæði milli akbrauta (bíotorg). Strætisvagnar (SVA) eru þó undanskildir að því er varðar suðurbrún umrædds götukafla. Ákvæði auglýsingar þessar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 9. mars 1994.

Elías I. Elíasson.